



Morgunblaðið/Jim Smart

Félagar úr Falun Gong-hreyfingunni gerðu æfingar sínar víðs vegar um Reykjavík í gær. Þessir voru á Austurvelli síðdegis.

Forseti Kína væntanlegur síðdegis í dag

FORSETI Kína, Jiang Zemin, kemur í opinbera heimsókn til Íslands síðdegis í dag. Ráðgert er að Boeing 747-þota hans lendi á Keflavíkflugvelli um kl. 17. Forsetinn heldur síðan af landi brott að morgni sunnudags.

Dagskrá heimsóknar forsetans hefst síðan fyrir hádegi á morgun, föstudag, þegar hann á fund með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands á Bessastöðum.

Síðdegis á morgun eiga Davíð Oddsson forsætisráðherra og Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra fund með forseta Kína. Fer hann fram í Þjóðmenningarhúsinu. Eftir þann fund hefur kínverska sendinefndin boðað til blaðamannafundar. Annað kvöld verður hátíðarkvöldverður forseta Íslands í Perlunni til heiðurs Jiang Zemin.

Á laugardag fer forseti Kína í skoðunarferð um hefðbundna ferða-

Fjöldi farþega var stöðvaður á áfangastöðum Flugleiða erlendis

mannastaði á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að ferðin standi allan daginn.

Engum farþega var meinað um landvistarleyfi í Leifstöð í gær, en tugir manna voru stöðvaðir við innritun á áfangastöðum Flugleiða í Bandaríkjunum í gærkvöldi og fyrrkvöld og í Evrópu í gær og þeim greint frá því að þeir fengju ekki að fljúga með vélum Flugleiða til Íslands.

Að sögn Guðjóns Arngrímssonar, blaðafulltrúa Flugleiða, hafa nafnalistar verið notaðir til að hafa upp á óæskilegum gestum á bókunarlistum. Þjónustufólk Flugleiða erlendis hafi greint yðkomandi frá því að ríkisstjórn Íslands hafi ákveðið að útlendingar, sem ætluðu til Íslands í þeim

tilgangi að hafa í frammi mótmæli vegna opinberrar heimsóknar forseta Kína, fengju ekki að fara um borð í viðkomandi vélar Flugleiða.

Mildilega tekið á málum

Davíð Oddsson forsætisráðherra segir að tekið hafi verið mjög mildilega á málum meðlima Falun Gong. Stjórnvöld hafi staðið frammi fyrir þeim kostum að grípa til þeirra aðgerða sem gert var eða aflýsa heimsókn forseta Kína til landsins. Aðspurður segist hann ætla að ræða ástand mannréttinda við Jiang Zemin eins og hann hafi gert í heimsókn sinni í Kína á sínum tíma.

Í gær undirrituðu lögreglan í Reykjavík og fjórir talsmenn Falun

Gong yfirlýsingu um hvar Falun Gong-iðkendir myndu gera æfingar meðan á heimsókninni stendur. Í yfirlýsingu er kveðið á um að þeir safnist saman í Hallargarðinum við Frikirkjuveg, á Austurvelli og á Arnarhóli í Reykjavík 13. til 15. júní.

Fjöldamótmæli boðuð

Unghliðahreyfingar stjórnmalaflokka, námsmannahreyfingar og ýmsir óháðir áhugahópar hafa boðað til fjöldamótmæla vegna komu Jiang Zemin til Íslands. Mótmælin fara fram á Austurvelli á morgun, föstudag, og hefjast kl. 15.30. Í tilkynningu frá samtökunum er fólk hvatt til að koma með svarta borða og binda fyrir munn sinn til að mótmæla skertu tjáningarfrelsi og mannréttindabrotum í Kína.

■ Heimsóknin/4/6/34

Hátt í 90 athugasemdir voru gerðar við Norðlingaölduveitu

Nokkur erlend samtök sendu mótmæli

FRESTUR til að skila inn athugasemdum til Skipulagsstofnunar við umhverfismatskýrslu Landsvirkjunar um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum rann út á miðnætti í fyrrinótt. Að sögn Hólmfríðar Sigurðardóttur, sviðsstjóra á umhverfissviði Skipulagsstofnunar, bárust 85 athugasemdir frá félagsamtökum og einstaklingum og gæti þeim fjölgað ef bréf hafa verið pósthöfð á þriðjudag. Stofnunin hefur nú fjórar vikur til að skila sínum úrskurði og er stefnt að því þriðjudaginn 9. júlí næstkomandi, svo fremi sem fyrir liggja allar umsagnir og svör Landsvirkjunar við athugasemdum.

Fjöldi athugasemda nú er með því mesta sem borist hefur Skipulagsstofnun út af einni framkvæmd en flest erindi bárust vegna Kárahnjúkavirkjunar á sínum tíma, eða um 360. Þess má geta að 25 athugasemdir bárust vegna álvers í Reyðarfirði.

Athugasemdir bárust nú frá hérlendum samtökum eins og Landvernd, Umhverfissamtökum Íslands, Náttúruverndarsamtökum Íslands og Áhugahópi um verndun Þjórsár, auk erinda frá fjölda einstaklinga.

Skerðing Þjórsárvera aðallega gagnrýnd

Einnig bárust athugasemdir frá erlendum umhverfisverndarsamtökum eins og Wildfowl & Wetlands Trust í Bretlandi og Birdlife International. Ber öllum þessum erindum saman í þá veru að mótmæla framkvæmdinni eins og Landsvirkjun leggur hana upp í sinni matsskýrslu. Einkum er það skerðing Þjórsárvera sem er gagnrýnd og áhrif hennar á dýralíf og náttúruferla á svæðinu.

Hólmfríður segir að yfirleitt sé um vandaðar athugasemdir að ræða sem sendendur hafa lagt mikla vinnu í. Aðspurð hvort athugasemdir frá öðrum löndum séu ekki sjaldgæfar segir Hólmfríður svo vera, slík erindi hafi þó borist vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Rjúpnastofnar í algeru lágmarki

RJÚPNATALNINGAR á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands nú í vor sýndu fækkun eða kyrrstöðu stofna miðað við árið á undan og í frétt frá stofnuninni segir að rjúpnastofnar séu nú í algjöru lágmarki víðast hvar um landið.

Fram kemur að íslenski rjúpnastofninn sveiflist mikið og hafi yfirleitt liðið um tíu ár milli toppa. Rannsóknir sýni að vetrarafföll ráði stofnbreytingum, en munur á stofnstærð milli hámarks- og lágmarksára hafi verið þre- til tífaldur. Vortalningar á óðalsbundnum körrum á sömu svæðum ár eftir ár

hafi verið notaðar sem mælikvarði á stofnstærð. Þessar talningar hafi sýnt að stofnbreytingar voru samstiga um landið á 7. og 8. áratugnum en síðustu 15-20 árin hefur samsvörnin ekki verið jafn góð og áður var. Greinilegir toppar voru árin 1966 og 1986 en eftir það hámark fækkaði ár frá ári og lágmark varð á árunum 1991-1994, en nýtt hámark varð árin 1997 til 1998.

Þéttleiki rjúpna í ár var langt undir sögulegu lágmarki á sumum svæðum, til dæmis á Norðausturlandi, en talið var á um 35 svæðum í öllum landshlutum. Yfirleitt var um



Morgunblaðið/Golli

fækkun að ræða á talningarsvæðunum en á nokkrum svæðum stóð stofninn í stað. Aðeins á Melrakklétu og í Þistilfirði á Norðausturlandi voru merki um að aukning væri að hefjast á ný, en miðað við það var árið 2001 lágmarksár á þeim slóðum.

Hækkun vísitölu við efri mörk

VÍSITALA neysluverðs miðað við verðlag í júníbyrjun 2002 var 222,8 stig og hækkaði um 0,45% frá fyrra mánuði, samkvæmt frétt frá Hagstofu Íslands í gær. Vísitala neysluverðs án húsnæðis var 221,8 stig og hækkaði um 0,50%. Markaðsaðilar höfðu spáð því að vísitalan myndi hækka á milli 0,2 og 0,5% og er hækkunin nú því við efri mörk þess.

Finnur Ingólfsson, bankastjóri Seðlabankans, segir að mæling vísitölnunnar nú sé örliðið hærrí en búist hafi verið við. Hækkun á matvöru komi á óvart, þá hafi hækkun á flugfargjöldum ekki mikið verið í um-

ræðunni, en vitað hafi verið um hækkun á verði bensíns. Þetta séu þeir þrjú liðir sem mestu máli skipti.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, segir að almennt sé jafnvægi í mælingunni að þessu sinni en þó vekji sérstaka athygli að verð á lyfjum sé enn að hækka. Hækkunin á verði lyfja frá því í nóvember á síðasta ári sé um 15%. „Fyrir liggur að ríkið dró úr hlutdeild sinni um áramótin en eftir stendur umtalsverð hækkun á lyfjum. Ég kalla eftir skýringum frá þeim sem eru að höndla með lyf.“

■ Vísitalan hækkar/C1